



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangouts 18. ágúst 2020 kl. 18:00

Mætt:

Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Baldvin Hansson (BH), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Fylkir Jónsson (FJ), Ragnar Róbertsson (RR)

Fjarverandi:

Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Sigurbergur Eiríksson (SE)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Keppnishald í lok tímabils

Ákvörðun um torfæru og rallycross og árekstra verður frestað þar til mál skýrast með keppnina á Hellu.

Aðrar keppnir ættu að leysast í góðri sátt.

2. Reglur AKÍS um sóttvarnir

Heilbrigðisráðherra hefur gefið út auglýsingu um frekari takmörkun á samkomum vegna farsóttar. AKÍS hefur unnið drög að reglum um sóttvarnir.

Samþykkt tillaga um að keppendur megi hafa sjö aðstoðarmenn (átta með keppanda).

3. Önnur mál

Tillaga frá AÍH um styrkveitingar:

Í reglum AKÍS um úthlutunar styrkja í lið 4 kemur fram A, B og C liðir, ég legg til að í A lið verði úthlutað 25% af heildar upphæð fjármagnsins (hámark 350 þúsund í verkefni) sem á að nota og að það verði sérstaklega horft til að styrkja félög sem halda úti skipulögðu unglिंगastarfi líkt og er tilgreint í reglum, þá yrði 75% af heildar upphæð notað í lið B og C. Í framtíðarsýn AKÍS 2016-2025 stefnir félagið á það að vinna að heildarstefnu í kennslumálum akstursíþróttar, allt frá byrjendanámskeiðum til framhaldsmenntunar. AKÍS hefur lagt mikla áherslu á öflugt alþjóðlegt samstarf og sérstaklega með samvinnu innan FIA/NEZ sem eru akstursíþróttasambönd innan svæðið Norður-Evrópu, þar eru aldurstakmörk barna í akstursíþróttum lægri en hefur tíðkast á Íslandi hingað til. Í lið 2 í framtíðarsýn AKÍS kemur fram að unglिंगastarfi sé nauðsynlegur þáttur í uppbyggingu akstursíþróttar til lengri tíma og því mikilvægt að félögin sinni því starfi. Þarna er AKÍS að benda á nauðsyn unglिंगastarfs í akstursíþróttum og tel ég það skylda AKÍS að styðja við félög sem sinna þessu þarfa starfi enda skilar það fleiri iðkendum og áhorfendum á viðburðina. Markmið, leiðir og árangur.

Með auknu unglिंगastarfi leiðir það til bættrar getu og færni ungra keppenda, en til þess þarf að bjóða upp á byrjendanámskeið, árangurinn er þá fjölgun ungliða innan akstursíþróttar.

Tillagan frá AÍH felld með 5 atkvæðum gegn 2.



Tillaga frá BH um styrkveitingar

Lagt til að taka tillöguna frá AÍH og móta betur og leggja fyrir formannafund í haust.

Samþykkt samhljóða.

Styrkveitingar til aðildarfélaga

Samþykkt tillaga að bréfi til keppnishaldara.

Tryggingar keppnistækja

Verið er að taka saman gögn til að gera útboð, fyrst hér innanlands. Þetta er unnið í samvinnu við MSÍ.

4. Næsti fundur

Skrifstofa AKÍS 2. september 2020 kl. 18:00.

5. Fundi slitið 19:12